

## Áhersluatriði dómaranefndar KSÍ árið 2007

Áhersluatriði dómaranefndar KSÍ 2007 hafa verið stytta verulega frá fyrri árum. Í staðinn hafa öll áhersluatriðum ársins 2006 ásamt ýmsum leiðbeiningum verið sett í eitt skjal er nefndist Leiðbeiningar til dómara 2007. Áherslurnar byggja á reynslu fyrri ára á Íslandi, en jafnframt er tekið mið af breytingum á knattspyrnulögunum, fyrirmælum og leiðbeiningum FIFA, UEFA og annarra knattspyrnusambanda á Norðurlöndum.

Knattspyrna er íþrótt, sem leikin er af ákafa og snerpu, og snerting við mótherja er eðlilegur þáttur í leiknum. Hörð og heiðarleg barátta leikmanna um knöttinn gefur leiknum augljóst gildi, en skylda dómara er ætíð að vernda leikmenn fyrir alvarlega **grófum og hættulegum leikbrotum**.

KSÍ leggur áherslu á **heiðarleika og háttvísi** í íslenskri knattspyrnu og hvetur alla til að hafa það í huga. Dómarar skulu hvorki líða óheiðarlegan leik né óíþróttamannslega framkomu og skulu gæta þess að leikmenn séu ekki með uppgerð eða leikaraskap til að öðlast ávinning á kostnað mótherja. Mikilvægt er að leikmenn í sviðsljósi efstu deilda fari að leikreglum og séu í hvívetna fyrirmynd ungra leikmanna.

Hér fara á eftir helstu áhersluatriði í íslenskri knattspyrnu frá og með 11. maí 2007.

### 1. Gróf og hættuleg leikbrot

Lögð er áhersla á að stöðva grófan og hættulegan leik.

Við að meta hvort um grófan eða hættulegan leik er að ræða skal hafa eftirfarandi í huga (á t.d við þegar leikmaður sparkar eða slær í eða til, bregður, stekkur á, ræðst á eða hrindir mótherja):

- *Er um ásetningsbrot að ræða?*
- *Hraði, krafur og ákveðni brotsins;*
- *Möguleiki þess sem brýtur af sér á að leika knettinum;*
- *Stofnar leikmaðurinn öryggi mótherjans í hættu?*

Sérstök áhersla er lögð á að útrýma tæklingum þar sem ekkert tillit er tekið til öryggis mótherjans. Dómarar skulu taka strangt á brotum sem eru framkvæmd á miklum hraða og án þess að leikmaðurinn hafi fulla stjórn á aðgerðum sínum og eykur þannig meiðslahættu mótherjans. Fyrir **allar hættulegar tæklingar**, sem stofna öryggi mótherja í hættu, skal refsað eins og um alvarlega grófan leik sé að ræða með **brottvísun af leikvelli**.

### 2. Skallaeinvígi

Fari leikmaður upp í skallaeinvígi, en í reynd **stekkur eða ræðst á mótherja** í stað þess að leika knettinum, skal honum að minnsta kosti refsað með aukaspyrnu. Huga ber sérstaklega að því hvernig leikmaður beitir handleggjum og olnbogum í slíku návígi.

### 3. Að halda og toga í mótherja

Ef mótherja er haldið eða togað í peysu hans eða buxur **með freklegum hætti**, skal dómari dæma beina aukaspyrnu (vítaspyrnu) og leikmaðurinn skal áminntur fyrir óíþróttamannslega framkomu.

#### 4. Endurtekin leikbrot

Minnt er á að áminna skal **síbrotamenn** skv. 12. grein knattspyrnulaganna – alla þá leikmenn sem brjóta af sér hvað eftir annað !

#### 5. Barátta í markteig og vítateig

Þegar taka skal hornspyrnu eða aukaspyrnu við vítateig mótherja, fjölgar leikmönnum í teigunum, barátta hefst um svæði (og knöttinn) og líkur á leikbrotum aukast verulega, t.d. að leikmönnum sé haldið.

UEFA mælir með að dómari grípi til **fyrirbyggjandi aðgerða** með því að fresta framkvæmd spyrnunnar og veita leikmönnum tiltal. Það skal gert með mjög sýnilegum hætti, þannig að öllum leikmönnum sé ljóst um hvað sé að ræða.

Láti leikmenn ekki segjast, verður dómari að **taka fast á málum** með áminningu eða brottvísun – og aukaspyrnu eða vítaspyrnu, ef leikur er hafinn.

#### 6. Uppgerð og leikaraskapur

Fyrir **alla uppperð**, sem er til þess ætluð að **villa um fyrir dómaramum**, skal viðkomandi leikmaður áminntur fyrir óíþróttamannslega framkomu.

#### 7. Hefnibrot

Þegar um er að ræða hefndarbrot leikmanna, sem oft leiða til áminningar eða brottvísunar, er lögð áhersla á að þeim leikmönnum **sem upphafinu valda** sé refsað, ekki síst ef um er að ræða gróft leikbrot eða ögrandi framkomu.

#### 8. Að biðja um spjald á andstæðinginn

UEFA leggur áherslu á að það er óíþróttamannsleg framkoma ef leikmaður biður um áminningu á andstæðinginn t.d. með því að veifa ímynduðu spjaldi. Veita ber áminningu fyrir slíkt framferði.

#### 9. Hópmótmæli

UEFA leggur áherslu á að grípa verður til viðeigandi aðgerða þegar leikmenn hópast að dómara til þess að mótmæla ákvörðunum hans. Veita ber a.m.k. einum leikmanni áminningu, ekki aðeins þeim sem upphafinu veldur.

#### 10. Skartgripir

FIFA og UEFA krefjast þess að leikmenn **taki af sér alla skartgrip** áður en leikur hefst, t.d. hringi, eyrnalokka, hálsmen og armbönd. Ekki er talið nægjanlegt að líma yfir skartið.

#### 11. Andlitsgrímur og spelkur

Sýna ber leikmönnum skilning, ef þeir þurfa að nota búnað eins og **gleraugu, andlitsgrímur, höfuðhlífur eða spelkur**. Búnaðurinn skal vera úr mjúku og léttu efni og á engan hátt hættulegur fyrir leikmanninn og aðra leikmenn. Leita ber samþykkis dómara til að nota slíkan búnað.

## 12. Meðferð meiddra leikmanna

Þegar leikmenn verða fyrir meiðslum, skal dómariinn ætíð hafa öryggi þeirra í fyrirrúmi. Að fengnu leyfi dómans er lækni og eða sjúkráþjálfari viðkomandi liðs heimilt að koma inn á völlinn til þess eins að meta meiðsli leikmanns. Meðhöndlun meiðsla fer ekki fram á leikvelli nema í undantekningartilfellum (sjá neðangreint). Viðkomandi aðilar skulu **einungis sinna meiðslum leikmanns** en alls ekki ræða atvik leiksins við dómara, stofna til fundarhalda með leikmönnum eða sinna öðrum erindum. Í því tilfalli ef ekki eru sjúkrámenntaðir menn á leikskýrslu viðkomandi liðs er tveimur forráðamönnum heimilt að koma inn á völlinn til þess að sinna störfum þeirra.

Ef forráðamenn liða fara ekki að þessum fyrirmælum ber að líta á það sem óþróttamannslega framkomu og áminna viðkomandi.

**Í tveimur efstu deildum karla og Bikarkeppni karla (frá 16 liða úrslitum)** fær meiddur leikmaður ekki meðferð á leikvelli og skal hann skilyrðislaust fara út fyrir leikvöll til meðferðar. Undantekning skal þó gerð, þegar markvörður á í hlut eða dómari telur að meiðsli séu alvarleg, t.d. höfuðmeiðsli. Dómari kannar hvort leikmaður geti farið sjálfur af leikvelli, en lætur ella bera hann út á sjúkrabörum.

**Í öðrum leikjum** í meistaraflokki karla og kvenna, leikjum U23 ára liða og í 2. aldursflokki er hins vegar leyfð stutt meðferð á leikvelli, en leikmaður skal að henni lokinni fara út fyrir leikvöll.

Dómari skal heimila leikmanni að koma aftur inn á leikvöllinn eins fljótt og unnt er að meðferð lokinni, en þó ekki fyrr en **leikur er hafinn að nýju**. Leikmenn skulu koma inn að nýju **frá hliðarlínu leikvallar**.

Dómariinn sér um að leikmaður með **blæðandi sár** fari af leikvelli. Hann má einungis koma aftur inn á eftir að hafa fengið merki frá dómaranum, sem verður að fullvissa sig um að blæðingin sé hætt.

## 13. Boðvangur og varamannabekkur

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót kveður á um að hvort lið megi tilnefna og skrá á leikskýrslu að hámarki **5 varamenn og 5 forráðamenn**. Aðrir hafa ekki heimild til að vera á eða við varamannabekk liðs og skulu dómari og fyrri aðstoðardómari (eða fjórði dómari) gæta þess að það sé virt fyrir upphaf leiks og meðan á leik stendur.

Í Landsbankadeild, Bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki (aðalkeppni) og Meistarakeppni KSÍ gildir hins vegar í keppni karla og kvenna að **varamenn mega vera 7 að hámarki, svo og 7 forráðamenn**. Með aðalkeppni í bikarkeppni er átt við frá og með 16 liða úrslitum karla og 8 liða úrslitum kvenna.

Boðvangur getur verið mismunandi frá einum velli til annars hvað varðar stærð eða staðsetningu, en samsvarar annars lengd svæðisins með sætunum að viðbættum einum metra við hvorn enda og nær fram að einum metra frá hliðarlínu.

Þjálfarar og forráðamenn mega koma leikrænum leiðbeiningum á framfæri til eigin leikmanna (en alls ekki til mótherja eða dómara) meðan á leik stendur – **en aðeins einn í einu** – og verða þeir að því loknu að hverfa fljótlega aftur á sinn stað.

Allir forráðamenn liðsins skulu vera á eða við varamannabekk þess á milli og innan boðvangs. Þjálfarar og aðrir sem eru á varamannabekk skulu ætíð **koma kurteislega fram og á ábyrgan hátt**.

Dómarar eru hvattir til að **sýna þjálfurum skilning og umburðarlyndi**, þegar þeir stjórna liði sínu af boðvangi, og bera virðingu fyrir mikilvægu starfi þeirra.

Dómarar skulu hins vegar **grípa til aðgerða af festu og ákveðni**, ef þjálfarar haga sér ekki með ábyrgum hætti.

**Dómaranefnd KSÍ**